



Daði Guðbjörnsson: Týnda málverkið

„Ekki fer á milli mála að nýrri málarkynslóð vex óðfluga fiskur um hrygg.“

Gylltir penslar

Það er tímanna tákn að ekki skuli lengur vera efnitil hópsýninga á málverkum nema með léttirónískum formerkjum. Menn forðast eins og heitan eldinn að koma saman undir merkjum „listmálarafélags“ eða annarra tiltekinnna samtaka mál(smet)andi listamanna, því slíkt ber um of keim af vorsýningum og haustsýningum fortíðar. Þess í stað verða til sýningarsamtök með fjarstæðukenndum eða tilfýndum nöfnum eins og „Gullpensillinn“, sem eiga að segja okkur að í dag taki listamennirnir sig ekki eins alvarlega og gömlu FÍM-ararnir eða „olíufélagarnir“. En þegar upp er staðið – og ósamstæð samsýning „penslanna“ fjórtán að Kjarvalsstöðum sýnir berlega – þá er markmið nýju hópanna ekki ýkja frábrugðið

Myndlist

ætlunarverki FÍM-ara, nefnilega að kynna nýjustu verk meðlima við bestu kringumstæður með reglu legu millibili og spara sér þannig kostnaðinn sem fylgir einkasýningum. Það er meira að segja töluverður haustsýningarbragur á upphengingunni á Kjarvalsstöðum þar sem sérhver listamaður sýnir tvær til þrjár myndir sem hengdar eru í sýblju eftir endilöngum veggjunum; að öðru leyti er salurinn galoppinn. Fjöldi listamanna á sjónmenntavettvangi og vöntunin á sýningarhúsnæði verður kannski til þess að menn fara aftur að efna til haustsýninga, hvað veit ég?

Leiklist

Fyrir unga sem aldna

Hvaða barn dreymir ekki um að geta flogið og skemmt sér frá morgni til kvölds? Þetta veit hann Gleði-Glaumur Geimmundsson, geimryksugufarandsölumaður, sem ryðst inn í líf villibarnanna í Bláa hnettinum einn góðan veðurdag. Gleði-Glaumur er ótrúlega flinkur sölumaður og þó börnin séu fullkomlega hamingjusöm og sæl með lífið tekst honum brátt að sannfæra þau um að þau geti ekki verið án allra tófralausanna sem hann selur þeim fyrir æsku þeirra. Fiðrildaduftið, teflon-húðin og það frábæra snjallræði að negla sólina fasta yfir eyjunni þeirra gerir það að verkum að lífið verður stanslaus skemmtun og það er ekki fyrr en Brimir og Hulda lenda óvart í myrkrinu hinum megin á hnettinum að efasemdir um réttmæti alls þessa fara að gera vart við sig. Þau Hulda og Brimir fá það erfiða hlutverk að koma hinum börnunum í skilning um að það sé ekki réttlátt að þau sitji ein að sólinni en verður lítið ágengt fyrr en þeim tekst að fá Gleði-Glaum á sitt band með því að beita hann sömu brögðum og hann hafði notað á þau.

Ævintýraleikmynd

Auðvitað fer allt vel og þegar leiknum lýkur eru börnin hamingjusöm sem fyrr en reynslunni ríkar.

Sagan af Bláa hnettinum eftir Andra Snæ Magnason hefur verið vinsælt lesefni á íslenskum heimilum undanfarna mánuði og af viðbrögðum frumsýningargesta í Þjóðleikhúsinu í gær að dæma mun leikritið ekki njóta minni vinsælda. Sagan sem er sögð á sviðinu er að vissu leyti einfaldari en sú sem bókin rekur, enda auðveldara að gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn við lestur bókar en á leik-



Úr Bláa hnettinum

Sagan af Bláa hnettinum eftir Andra Snæ Magnason hefur verið vinsælt lesefni á íslenskum heimilum undanfarna mánuði og af viðbrögðum frumsýningargesta í Þjóðleikhúsinu í gær að dæma mun leikritið ekki njóta minni vinsælda.

sýningu þar sem allt verður að virka raunverulegt og trúverðugt. Og frumsýningargestir keyptu svo sannarlega tófræheiminn sem Þórhallur Sigurðsson leikstjóri og samstarfsmenn hans hafa skapað. Ævintýraleikmynd Axels Hallkels er einföld í grunninn en með samspili ljósa, leiktjaldra og tónlistar tekst að ná fram ótrúlegri fjölbreytni. Dýragervin eru einstaklega vel heppnuð og augljóst að það þarf engar stórkostlegar brellur til að fá lítil hjórtu til að slá hraðar eins og útfærslan á vindböndu vargtrjánnum og köngulónnum sannaði hvað best. Tónlist múm fellur vel að efninu, á köflum fjórleg en drungaleg og dulúðug þegar það átti við.

Saga stútfull af boðskap

Það er fongulegur hópur ungra leikara sem sér um að koma þessu ævintýri til skila til áhorfenda. Eðli málsins samkvæmt verður Gleði-Glaumur,

Erótíkin mikilvæg

Það er sem sagt afskaplega lítið sem listamennirnir fjórtán á Kjarvalsstöðum eiga sammerkt, nema það að í stórum dráttum halda þeir sig við hlutlægan veruleika og mála á striga. Á því eru meira að segja undantekningar; stórbrotin og launfýndin kórmynd Hallgríms Helgasonar (birt í sýningarskrá) er fjarri en í staðinn eru sýnd tvö stór tölvuþrykk eftir hann. Inga Þórey Jóhannsdóttir fer einnig töluvert út fyrir ramma málverksins með kóssum sem kallast á við það sem hún er að mála.

Sýningin liður eiginlega soldið fyrir það líka, að nokkrar mättarstöðir hennar, Birgir Snæbjörn Birgisson, Jóhann L. Torfason, Sigríður Ólafsdóttir og Þorri Hringsson, eru með áhugaverðari verk á sýningunni í Gerðarsafni í Kópavogi, sem fjallað var um á þessum vettvangi fyrir viku. Verk þeirra hér, sérstaklega þeirra Birgis og Þorra, árétta einfaldlega hve erótíkin er mikilvægur þáttur í myndlistarlegum þankagangi þeirra.

Þeim sem þetta skrifar þótti einna markverðast að sjá hvernig landslagsmyndir Eggerts Péturssonar hafa þróast í seinni tíð en listamaðurinn hefur ekki verið mjög sýnilegur upp á síðkastið. Myndirnar sem áður dökumentuðu jarðargróðurinn af næstum óhugnanlegri nákvæmni hafa nú fyllst dulúð og eðndanlegu rými; manni verður hugsað bæði til Kjarvals og franskra sýmbólsta.

Ferskur andblær

Breytingar virðast einnig yfirvofandi í rómantískum landslagsmyndum Georgs Guðna, ef marka má annan dúkinn eftir hann hér sem inniheldur óvænt uppbrot á fletinum. Þeir eru líka feiknarlega öruggir í því sem þeir eru að gera, Akureyringarnir Sigtryggur Bjarni Baldvinsson og Sigurður Arni Sigurðsson. Báðir vega þeir salt milli sýnar og ímyndunar, en hver með sínum hætti; reyna þannig skipulega á hugmyndir okkar um endimörk þessara tveggja fyrirbæra.

Jón Bergmann Kjartansson kemur hér líka sem ferskur andblær með uppgjör sitt við pólana tvo í óhlutbundnu listinni, strangfletina og ljóðrænuna, en framkvæmdin sjálf ber keim af uppákomum síðustu ára. Um leið leggur hann áherslu á að myndflöturinn sé fyrst og fremst hlutur.

Það er sem sagt erfið að ræða svona sýningu út frá einhverjum samnefnara sem ekki er fyrir hendi á henni; því vill umfjöllunin verða nokkuð slitrótt. En ekki fer á milli mála að nýrri málarkynslóð vex óðfluga fiskur um hrygg.

Aðalsteinn Ingólfsson

Gullni pensillinn er á Kjarvalsstöðum til 24. mars. Safnið er opið daglega kl. 10–17 og til kl. 19 á miðvikudögum.

Hallgerður og Nanna verðlaunaðar

Viðurkenning Hagþenkis árið 2000 var á föstudaginn veitt Hallgerði Gísladóttur og Nönnu Rögnvaldardóttur „Fyrir merk



og vöndu grundvallarrit um matargerð og matargerðarlist, þjóðlega og alþjóðlega.“ eins og skráð er á viðurkenningarskjölin að þessu sinni. Rit

Hallgerðar, Íslensk matarhefð, kom út hjá Máli og menningu í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands árið 1999. Rit Nönnu, Matarást, var gefið út af bókaforlaginu Íðunni árið 1998.

Þetta er í fjórtánda sinn sem Hagþenkir – félag höfunda fræðiritna og kennslugagna, veitir viðurkenningu sína. Sérstakt viðurkenningarráð, skipað fulltrúum ólíkra fræðigreina, er kosíð til tveggja ára í senn og ákveður hver viðurkenninguna hlýtur. Viðtakandi fær viðurkenningarskjál og að þessu sinni skiptist fjárhæðin, sem nú er 500.000 kr., milli höfundanna.

Í greinargerð viðurkenningarráðsins er samning og útgáfa þessara rita talin tákna „... merkileg umskipti á mikilvörðu menningarsviði“. Þannig að „... þjóðin hefur við upphaf nýrrar aldar aðgang að tveimur vönduðum yfirlitsritum um matarhætti, öðru um þjóðlega matarhefð fyrr á tímum, hinu um mat og matargerð um veröld alla“. Ennfremur segir að með framlagi sínu ryðji höfundarnir mikilvægur brautir, veki vonir um frekari afrek á þessu sviði og vísi bæði áhugamönnum og faghópum á ótal spennandi leiðir um áður illfærar slóðir.

La Bohème

Æfingar eru hafnar á óperunni La Bohème eftir Giacomo Puccini við texta eftir Giuseppe Giacosa og Luigi Illica, en hún verður frumsýnd í Íslensku óperunni þann 16. febrúar nk. Ráðgerðar eru 10 sýningar og lýkur þeim um miðjan mars.

Hljómsveitarstjóri er ungur Rússi, Tugan Sokhiev, en leikstjórnin Jamie Hayes er Breti. Íslenska óperan hefur líka fengið til liðs við sig unga söngvara sem flestir starfa erlendis og gefst því tækifæri til að heyra í þeim á sviði Óperunnar í þessu meistaraverki Puccini.

Með helstu hlutverk fara Kolbeinn J. Ketilsson, Auður Gunnarsdóttir, Bergþór Pálsson, Ólafur Kjartan Sigurðarson, Viðar Gunnarsson, Hlín Pétursdóttir og Þóra Einarisdóttir.

Listamenn í Listaháskólanum

Robert Dell flytur fyrirlestur í Listaháskóla Íslands á Laugarnesvegi 91 í dag kl.12.30 í stofu 021. Robert Dell er bandarískur myndlistarmaður, sá sami og gerði vatnstrókin sem stendur skammt frá Perluinni. Í verkum sínum hefur hann lagt sig eftir að vinna með vatn, ljós og hita og samspil þessara frumkrafta. Um helgina opnaði hann einmitt sýningu í útiporti Hafnarhússins og stendur sú sýning í



tvo mánuði. Í fyrirlesturinn fjallar Robert Dell um eigin verk og viðhorf sín til myndlistar.

Á miðvikudaginn kl. 12.30 verður haldinn annar fyrirlestur í LHI, að þessu sinni að Skipholtti 1 í stofu 113.

Richard Hutten er alþjóðlega þekktur iðnhönnuður frá Hollandi. Hann rekur eigin hönnunarstofu í Rotterdam og vinnur jafnframt með hinum þekktu hönnunarhópi Droogdesign. Í verkum sínum leggur Richard Hutten áherslu á hvernig brúa má bilið milli myndlistar og hönnunar. Í fyrirlesturinum fjallar hann um eigin verk og þá straua sem uppi eru í iðnhönnun í heimalandi hans.

Halldóra Friðjónsdóttir

Þjóðleikhúsið sýnir á stóra sviði Bláa hnöttinn eftir Andra Snæ Magnason. Tónlist: múm. Dansar: Ástrós Gunnarsdóttir. Lýsing: Björn Bergsteinn Guðmundsson. Leikmynd og búningar: Axel Hallkell. Leikstjórn: Þórhallur Sigurðsson